

KORMÁKS SAGA



 SAGA
EGMONT

KORMÁKS SAGA



 SAGA
EGMONT

Óþekktur

Kormáks saga

SAGA Egmont

Kormáks saga

Cover image: Shutterstock

Copyright © 1998, 2020 Óþekktur and SAGA Egmont

All rights reserved

ISBN: 9788726225686

1. e-book edition, 2020

Format: EPUB 2.0

All rights reserved. No part of this publication may be reproduced, stored in a retrieval system, or transmitted, in any form or by any means without the prior written permission of the publisher, nor, be otherwise circulated in any form of binding or cover other than in which it is published and without a similar condition being imposed on the subsequent purchaser.

SAGA Egmont www.saga-books.com - a part of Egmont,
www.egmont.com

Kormáks saga

1. kafli

Haraldur konungur hinn hárfagri réð fyrir Noregi þá er saga sjá gerðist. Í þann tíma var sá höfðingi í ríkinu er Kormákur hét, víkverskur að ætt, ríkur og kynstór. Hann var hinn mesti garpur og hafði verið með Haraldi konungi í mörgum orustum. Hann átti son er Ögmundur hét. Hann var hinn efnilegasti maður, snemma mikill og sterkur. Þegar er hann hafði aldur og þroska lagðist hann í víking á sumrum en var með konungi á vetrum. Hann aflaði sér góðs orðs og mikils fjár.

Eitt sumar lagðist hann í vesturvíking. Þar var fyrir sá maður er Ásmundur hét. Hann var hinn mesti garpur. Hann hafði sigrað marga víkinga og hermenn. Spyr nú hvor til annars og fara orð í milli þeirra og fundust þeir sjálfir og lögðu sér orustustað og börðust. Ásmundur hafði fleira lið og lagði eigi öllu til orustu. Þeir börðust fjóra daga. Féll mjög lið Ásmundar en hann flýði sjálfur en Ögmundur hafði sigur og kom heim með fé og frama.

Kormákur kvað Ögmund eigi mundu meira frama fá í hernaði "og mun eg fá þér konu, Helgu dóttur Fróða jarls."

"Það vil eg," segir Ögmundur.

Eftir það gera þeir ferð sína til Fróða jarls. Tók hann vel við þeim. Þeir bera upp erindi sín. Jarl tók því vel og kallaði á liggja ótta nokkurn um skipti þeirra Ásmundar. En þó tókust þessi ráð og fóru þeir heim og var við veislu búist og kom til þeirrar veislu fjölmenni mikið. Helga dóttir Fróða jarls átti sér fósturu framsýna og fór hún með henni.

Þetta spyr Ásmundur víkingur og fer til fundar við Ögmund, býður honum hólmgöngu. Ögmundur játar því.

Fóstra Helgu var því vön að þreifa um menn áður en til vígs færu. Hún gerir svo við Ögmund áður hann fór heiman. Hún kvað hvergi stórum við hníta. Þeir fóru síðan báðir til hólms og börðust. Víkingurinn færði við síðuna og beit ekki á. Þá brá Ögmundur upp sverðinu skjótt og skipti síðan í höndunum og hjó undan Ásmundi fótinn og tók þrjár merkur gulls í hólmlausn.

2. kafli

Í þann tíma andaðist Haraldur konungur hárfagri og tók ríki Eiríkur blóðex. En Ögmundur vingaðist ekki við þau Eirík og Gunnhildi og býr Ögmundur skip sitt til Íslands. Ögmundur og Helga áttu son er Fróði hét. Þá er skip var mjög búið tók Helga sótt og andaðist og Fróði son þeirra.

Eftir það sigldu þeir í haf. Þá kastar Ögmundur út öndvegissúlum sínum. Þeir komu utan að Miðfirði. Þar voru áður komnar öndvegissúlur hans, köstuðu þar akkerum.

En í þann tíma réð þar fyrir Miðfjarðar-Skeggi. Hann reri til þeirra og bauð þeim inn í fjörðinn og svo landskosti. Það þá Ögmundur, mældi grundvöll undir hús. Það var þeirra átrúnaður ef málið gengi saman, þá er oftast væri reynt, að þess manns ráð mundi saman ganga ef málvöndurinn þyrri en þróast ef hann vissi til mikilleiks. En málið gekk saman og þrem sinnum reynt.

Síðan lét Ögmundur gera hús þar á melnum og bjó þar síðan. Hann fékk Döllu dóttur Önundar sjóna. Þeirra synir voru þeir Þorgils og Kormákur. Hann var svartur á hár og sveipur í hárinu, hörundljós og nokkuð líkur móður sinni, mikill og sterkur, áhlaupamaður í skapi. Þorgils var hljóðlyndur og hægur.

Þá er þeir bræður voru fulltíða andaðist Ögmundur. Varðveitti Dalla bú með sonum sínum. Annaðist Þorgils um bú við umsjá Miðfjarðar-Skeggja.